

1. gr. Setning starfsreglna

Endurskoðunarnefnd Sjóvá samstæðunnar er undirnefnd stjórnar félagsins og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, en samkvæmt A-lið IX. kafla laganna skal við einingu tengda almannahagsmunum starfa endurskoðunarnefnd. Stjórn félagsins setur nefndinni reglur sem taka mið af lögum um ársreikninga, viðmiðunareglur EIOPA um um áhættu og öryggi vegna upplýsinga- og samskiptatækni og stjórnarháttum þeim tengdum, og leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Starfsreglur endurskoðunarnefndar taka jafnframt mið af lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum.

2. gr. Skipan endurskoðunarnefndar

Kveðið er á um skipan endurskoðunarnefndar í starfsreglum stjórnar. Þar eru tilgreindar kröfur um menntun og þekkingu nefndarmanna og tíundað um hæfi þeirra. Nefndarmenn, sem ekki eru jafnframt stjórnarmenn, undirrita óhæðisfirlýsingu í upphafi hvers starfsárs.

3. gr. Hlutverk, ábyrgð og verkefni endurskoðunarnefndar

- 3.1. Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal yfirfara upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu, upplýsingaöryggi og framtíðarhorfur og ganga úr skugga um að þær gefi sem gleggsta mynd af stöðu samstæðunnar á hverjum tíma.
- 3.2. Nefndin skal hafa með höndum eftirfarandi verkefni, sem tilgreind eru m.a. í lögum um ársreikninga og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014, án tillits til ábyrgðar stjórnenda eða annarra á þessu sviði:
 - a) Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila samstæðunnar.
 - b) Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
 - c) Eftirlit með endurskoðun ársreiknings, samstæðureiknings félagsins og að áritun endurskoðanda sé unnin í samræmi við ákvæði í 2. - 4. mgr. 10. gr. í reglugerðinni.
 - d) Eftirlit með að viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar sé skilað samhliða áritun ársreiknings og uppfylli þær kröfur sem fram koma í 2. - 5. mgr. 11. gr. í reglugerðinni.
 - e) Eftirlit með að úttekt á upplýsingaöryggi samkvæmt viðmiðunareglum EIOPA um áhættu og öryggi vegna upplýsinga- og samskiptatækni og stjórnarháttum þeim tengdum sé framkvæmd.
 - f) Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
 - g) Fjalla um og taka ákvörðun um heimild og þóknun ytri endurskoðenda fyrir annarri vinnu en endurskoðun.
 - h) Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Sjá nánar um verklag við val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki í 6. gr. starfsreglna hér að neðan.
 - i) Kjósi stjórn að útvista lykilstarfsviði eða lykilstarfsviðum skal mat á óhæði útvistunarðailans og ráðning hans vera á höndum endurskoðunarnefndar, sem jafnframt skal hafa eftirlit með störfum útvistunaraðila.
 - j) Yfirfara stjórnarháttayfirlýsingar og hafa eftirlit með að lýsing þeirra á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringar sé í samræmi við reikningsskil.
 - k) Eftirlit með skýrslugjöf um ófjárhagslegar upplýsingar.
 - l) Endurskoðunarnefnd skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórna, nefndarinnar, ytri endurskoðenda og innri endurskoðenda með og án viðveru daglegra

VR-Starfsreglur endurskoðunarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.

stjórnenda.

- m) Endurskoðunarnefnd skal hafa forgöngu um árlegan fund með forstjóra.
- n) Önnur verkefni sem stjórnir fela nefndinni.

Helstu niðurstöður úttekta nefndarinnar skulu tekna saman í minnisblöðum til stjórnna um mat á uppgjöri og rýni á störfum endurskoðenda.

- 3.3. Endurskoðunarnefnd skal veita stjórnnum nákvæmar upplýsingar um helstu störf nefndarinnar og skulu fundargerðir hennar vera aðgengilegar stjórnnum. Nefndin skal árlega, áður en ársreikningur er lagður fyrir stjórnir til samþykktar, afhenda skýrslu til stjórnna um störf nefndarinnar og hvernig nefndin metur árangur af starfi sínu. Í skýrslunni skulu koma fram þær ábendingar og athugasemdir sem komið hafa fram hjá endurskoðunarnefnd og viðbrögð stjórnna og stjórnenda við þeim.
- 3.4. Endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnna og á ábyrgð þeirra. Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem fram koma í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórnendur félagsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings félagsins og að fylgjast með virkni innri eftirlitsþáttu.

4. gr. Boðun funda, tíðni þeirra, þátttakendur og form

- 4.1. Endurskoðunarnefnd skal funda að lágmarki fjórum sinnum á ári til að fara yfir ársreikning og árshlutareikninga. Nefndin skal funda að minnsta kosti árlega án viðveru starfsmanna. Formanni ber að kalla saman fund ef hann, forstjóri, stjórnarformaður eða einstaka nefndarmaður telur þörf á því.
- 4.2. Í upphafi starfsárs skal nefndin setja sér starfsáætlun fyrir starfsárið og skipta með sér verkefnum.
- 4.3. Formaður endurskoðunarnefndar stýrir fundum nefndarinnar. Hann er málsvari nefndarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart stjórnnum, endurskoðendum og forstjóra, varðandi viðfangsefni nefndarinnar, nema nefndin ákveði annað.
- 4.4. Til funda skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara, nema formaður ákveði skemmri frest telji hann það rétt vegna sérstakra aðstæðna. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt og skal í því greina dagskrá. Fundarboð má senda með rafrænum hætti.
- 4.5. Formaður skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á nefndarfundum og um ákvarðanir nefndarinnar. Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:
 - a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn og númer fundar.
 - b) Hverjir sitji fundinn og hver stýri honum.
 - c) Dagskrá fundarins.
 - d) Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - e) Hvenær og hvor næsti fundur nefndarinnar verður haldinn.
 - f) Hver ritað hafi fundargerðina.
- 4.6. Endurskoðunarnefnd skal sjá til þess að minnsta kosti einn nefndarmaður sé viðstaddir hluthafafundi ef fundarefni lúta að starfssviði nefndarinnar. Formaður eða annar nefndarmaður skal vera viðstaddir við yfirferð stjórnna á ársreikningi.

5. gr. Skyldur og heimildir endurskoðunarnefndar

- 5.1. Endurskoðunarnefnd skal í störfum sínum vinna af heilindum, heiðarleika og réttsýni. Nefndin skal gæta gagnsæis í ákvörðunum sínum og hafa hag samstæðunnar í fyrirrúmi. Nefndin skal gæta þess að vera vel upplýst og taka mið af hagsmunum viðskiptavina, starfsmanna og samfélagsins alls. Nefndarmenn skulu fylgja síðareglum Sjóvár í sínum störfum.

VR-Starfsreglur endurskoðunarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.

- 5.2. Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félaganna, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli málss eða ákvarðanir stjórna. Sú skylda hvílir á nefndarmönnum að varðveita með tryggilegum hætti öll gögn sem þeir kunna að hafa undir höndum frá félögunum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 5.3. Þegar nýr nefndarmaður tekur sæti í endurskoðunarnefnd skal hann upplýstur um helstu löggjöf sem gildir um starfsemi samstæðunnar, samþykktir félaganna, innri reglur, starfshætti stjórna og endurskoðunarnefndar og málefni samstæðunnar.
- 5.4. Endurskoðunarnefnd skal hafa víðtækan aðgang að starfsmönnum og þeim gögnum er varða félögin og rekstur þeirra sem nefndin þarf til að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni. Nefndin hefur heimild til að kalla eftir skýrslum og greinargerðum frá stjörnendum, innri og ytri endurskoðendum er varða störf hennar. Þó skal aðgangur að gögnum og starfsmönnum vera bundinn þeim hömlum sem gilda um aðgengi stjörnarmanna í vátryggingafélögum samkvæmt gildandi löggjöf og starfsreglum stjórna.

6. gr. Val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni

- 6.1. Við val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni skal endurskoðunarnefnd Sjóvár bera ábyrgð á valferlinu í samræmi við ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014.
- 6.2. Endurskoðunarnefnd skal leggja fram tilmæli til stjórnar með rökstuðningi varðandi tilnefningu löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis sem innihalda val um a.m.k. tvö kosti. Fyrsta val endurskoðunarnefndar skal jafnframt koma fram í tilmælunum. Nema um sé að ræða endurnýjun á endurskoðunarverkefni þ.a. samtals árafjöldi sé ekki meira en 10 ár.
- 6.3. Tilmæli endurskoðunarnefndarinnar skulu unnin í kjölfar valferlis þar sem gætt hefur verið að eftirfarandi forsendum, nema um sé að ræða endurnýjun á endurskoðunarverkefni þ.a. samtals árafjöldi sé ekki meira en 10 ár:
 - a) Bjóða má öllum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum að leggja fram tilboð en ekki má útiloka á neinn hátt þátttöku þeirra endurskoðunarfyrtækja í valferlinu sem fengu innan við 15% heildarendurskoðunarþóknana frá einingum sem tengjast almannahagsmunum á næstliðnu almanaksári.
 - b) Útboðsgögn skulu vera skýr, lýsa starfseminni, valforsendur skulu vera gagnsæjar og án mismununar.
 - c) Sjóvá skal vinna skýrslu um niðurstöðu valferlisins og endurskoðunarnefnd á að staðfesta hana.
 - d) Gæta skal að allri skjölun og meðhöndlun gagna í valferlinu til að tryggja að hægt sé að sýna fram að valferlið hafi farið fram með réttmætum hætti.
- 6.4. Ef stjórni leggur til við hluthafafund kjör á endurskoðenda sem er ekki í samræmi við fyrsta val í tilmælum endurskoðunarnefndar til stjórnar skal endurskoðunarnefnd fylgja því eftir að stjórni hafi fært rök fyrir vali sínu.
- 6.5. Fyrir nánari útlistun á kröfum við val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni vísast til 2. – 8. mgr. 16. gr. í reglugerðinni.

7. gr. Veitt þjónusta og þóknun endurskoðanda

Endurskoðunarnefnd Sjóvár skal hafa eftirlit með því að eftirfarandi ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 séu uppfyllt:

- 7.1. Þóknanir fyrir þjónustu vegna lögboðinnar endurskoðunar mega ekki vera skilyrtar þóknanir.
- 7.2. Fyrir löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni sem veitir Sjóvá og/eða Sjóvá Líf þjónustu utan endurskoðunar á tímabili sem nær yfir þrjú samfelld fjárhagsár eða meira má heildarþóknun fyrir þjónustuna ekki fara umfram 70% af meðaltali greiddra þóknana á síðustu þremur samfelldu fjárhagsárum vegna lögboðinnar endurskoðunar.

VR-Starfsreglur endurskoðunarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.

7.3. Þjónusta sem löggiltum endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki sem annast lögboðna endurskoðun Sjóvár / Sjóvá Líf er óheimilt að veita er eftirfarandi:

- Ákveðin skattajónusta.
- Þjónusta sem felur í sér þáttöku í stjórnun eða ákvörðunartöku.
- Bókhald, gerð bókhaldsgagna og reikningsskila.
- Þjónusta tengd launabókhaldi.
- Þróun og innleiðing innra eftirlits eða áhættustjórnunarferla, sem tengjast undirbúningi og/eða umsjón með fjárhagsupplýsingum eða þróun og innleiðingu tæknilegra fjárhagsupplýsingakerfa.
- Verðmatsþjónusta, þ.m.t. verðmat sem gert er í tengslum við tryggingafræðilega þjónustu eða aðstoðarþjónustu vegna málaferla.
- Ákveðin lögfræðiþjónusta.

Fyrir nánari útlistun á þeirri þjónustu sem endurskoðanda er óheimilt að veita vísast til 1. mgr. 5. gr. í reglugerðinni.

Heimilt er að endurskoðandi Sjóvá og/eða Sjóvá Líf veiti félögunum tiltekna skattajónustu og verðmatsþjónustu að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Endurskoðunarnefndin getur heimilað að önnur þjónusta en sí sem óheimil er skv. gr. 7.3 verði veitt af endurskoðenda Sjóvá og/eða Sjóvá Líf, eða tengslaneti sem hann tilheyrir. Sú þjónusta skal háð fyrir fram samþykki endurskoðunarnefndarinnar að loknu tilhlýðilegu mati hennar á ógnunum gagnvart óhæði.

Verklag sem unnið skal eftir þegar samþykki endurskoðunarnefndar þarf fyrir annarri vinnu ytri endurskoðenda en endurskoðun er eftirfarandi:

- Starfsmenn Sjóvá skilgreina verkefnið og upplýsa ytri endurskoðendur.
- Ytri endurskoðendur leggja mat á og rökstyðja hvort vinna þeirra við verkefnið leiði til hagsmunárekstra eða samræmist ekki starfsreglum og öðrum lögum og reglum sem um starfsemina gilda.
- Skrifleg niðurstaða ytri endurskoðenda, þar sem fram kemur m.a. lýsing á viðkomandi verkefni, aðkomu þeirra, áætlun um kostnað við verkefnið og rökstuðningur fyrir því að vinnsla verkefnisins ógni ekki óhæði þeirra á neinn hátt, er send til endurskoðunarnefndar sem metur og fjallar um erindið.
- Endurskoðunarnefnd fellst á eða hafnar erindinu eftir atvikum. Hafni nefndin erindinu skal það rökstutt sérstaklega.
- Hlutaðeigandi starfsmenn Sjóvá og ytri endurskoðendur skulu upplýstir skriflega um niðurstöðu nefndarinnar.

7.4. Nemi heildarþóknun sem Sjóvá greiðir til löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis umfram 15% af heildarþóknun sem viðkomandi aðili/fyrtæki móttetur sl. 3 ár ber endurskoðanda/ endurskoðunarfyrtæki að upplýsa endurskoðunarnefnd Sjóvár um þá staðreynð fyrir hvert og eitt ár. Í sömu tilkynningu skal endurskoðandinn/endurskoðunarfyrtækið upplýsa um það hvort þetta hafi áhrif á óhæði endurskoðunarinnar og verndaráðstafanir sem geta dregið úr þeirri ógn. Í framhaldi af því ætti endurskoðunarnefnd að taka til athugunar hvort þörf sé á gæðarýni á vinnunni áður en áritun endurskoðanda er gefin út.

7.5. Ef þóknanir sem greiddar eru af Sjóvá til löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis halda áfram að fara yfir 15% heildarþóknun sem viðkomandi aðili/fyrtæki móttetur skal endurskoðunarnefndin ákveða á hlutlægum grundvelli hvort þeim er heimilt að halda áfram að

VR-Starfsreglur endurskoðunarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.

annast lögboðna endurskoðun um viðbótartímabil sem skal aldrei fara yfir tvö ár.

- 7.6. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skal staðfesta skriflega ár hvert við endurskoðunarnefnd Sjóvár óhæði sitt og tengdra aðila. Einnig skal umræða eiga sér stað um hugsanlega ógnanir við óhæði og þær verndaráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkum ógnum.

8. gr. Tímalengd endurskoðunarverkefnis

Endurskoðunarnefnd Sjóvár skal hafa eftirlit með að eftirfarandi kröfur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 séu uppfylltar:

- 8.1. Samningur um endurskoðun skal að hámarki vera til 10 ára samfellt.
- 8.2. Heimilt er að lengja samningstíma skv. lið 8.1 í 20 ár ef opinbert útboðsferli fer fram í samræmi við ákvæði 6. gr.
- 8.3. Að loknum samningstíma getur endurskoðandinn/endurskoðunarfyrtækið ekki tekið að sér lögboðna endurskoðun hjá Sjóvá innan næstu fjögurra ára.
- 8.4. Áritunarendurskoðandi skal hækta þáttöku í lögboðinni endurskoðun Sjóvár eigi síðar en sjö árum frá tilnefningu og má ekki koma að endurskoðun Sjóvár fyrr en að þrjú ár hafa liðið frá síðustu áritun hans.

Fyrir nánari útlistun á kröfum við tímalengd endurskoðunarverkefnis vísast til 2. – 8. mgr. 17. gr. í reglugerðinni.

9. gr. Varsla og meðferð starfsreglna

- 9.1. Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðabók félagsins.
- 9.2. Endurskoðunarnefnd skal senda breytingartillögur við starfsreglur nefndarinnar til stjórnar félagsins ef hún telur þörf á.
- 9.3. Starfsreglur þessar skal endurskoða árlega.